

Tilkynning til ríkislögreglustjóra um brot á 2. mgr. 28. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.

Þann 22. mars 2006 ákvað stjórn Fjármálaeftirlitsins að greina ríkislögreglustjóra frá eftirfarandi brotum á flöggunarskyldu, sbr. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti (vvl):

1. Sölu einstaklings á tæplega 20% hlut í félagi í janúar 2006, en flöggunartilkynning barst ekki Kauphöll Íslands hf. fyrr en um 3 vikum síðar.
2. Kaup félags á tæplega 20% hlut í öðru félagi í janúar 2006, en flöggunartilkynning barst ekki Kauphöll Íslands hf. fyrr en um 2 vikum síðar.
3. Sala einstaklings á rúmlega 1% hlut í félagi í ágúst 2005, en flöggunartilkynning barst Kauphöll Íslands hf. 1 degi of seint. Er þetta þriðja flöggunarbrot viðkomandi aðila síðan 2004, en Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við hann með bréfi í nóvember 2004, vegna tveggja flöggunarbrot. Er því um ítrekun á broti á 28. gr. vvl.

Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. vvl. er með verulegum hlut átt við 5% atkvæðisréttar eða nafnverðs hlutafjár, og margfeldi þar af, allt að 90%. Þegar aðili nær verulegum hlut, eða hækkar upp fyrir eða lækkar niður fyrir slíkan hlut, ber honum að tilkynna það til Kauphallar Íslands hf. og hlutafélags þegar í stað, sbr. 2. mgr. 28. gr. vvl.

Með vísan til framangreinds og 75. gr. vvl. varða umrædd brot sektum í refsímáli. Í ljósi atvika ákvað stjórn Fjármálaeftirlitsins að greina bæri ríkislögreglustjóra frá brotunum, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.